



Mættir voru: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Jenný Magnúsdóttir fulltrúi foreldra og formaður foreldrafélagsins, Dino Osmani fulltrúi foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hermann Jakobsson, varaformaður UMFN og fulltrúi grenndarsamfélags skólans, Hulda María Þorbjörnsdóttir starfsmaður, Hera Sóley Sölvadóttir varaformaður nemendafélagsins og Hulda Ósk Bergsteinsdóttir fulltrúi nemenda í fjarveru Gabríels Sindra Möller formanns nemendafélagsins og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari).

1. Fundarmenn fóru í heimsókn í tíma til nemendaráðs þar sem Hera Sóley og Hulda Ósk kynntu starf nemendaráðs á skólaárinu. Þar kom fram spurning frá nemendum í nemendaráði hvað skólaráð gerir og útskýrði Ásgerður það.
2. Ásgerður sagði frá útgáfu skólablaðsins Njarðar en Guðmundur Ingvar Jónsson, kennari, stýrir útgáfunni og vinnur að skólablaðinu í samráði við nemendur í nemendaráði.
3. Guðný Karlsdóttir fór yfir niðurstöður á viðhorfskönnun foreldra í 3., 6. og 9. bekk sem foreldrar svöruðu á foreldradegi í janúar sl. Athugasemd kom um að foreldrar hefðu svarmöguleikann „hvorki né“ þar sem það gefur foreldrum möguleika á því að taka ekki afstöðu.
4. Ásgerður sagði frá því að nú sé að fara af stað foreldrakönnun Skólapúlsins og hvatti hún foreldra í skólaráði að svara ef þau yrðu í úrtaki Skólapúlsins.
5. Ásgerður sagði frá þemadögum sem verða í lok febrúar en þemað í ár er Evrópa – álfan okkar. Opið hús verður fyrir fjölskyldur og vini á föstudeginum frá kl. 12:40-13:20 til að sýna afrakstur vinnu nemenda.
6. Ásgerður sagði frá því að nemendur 7. bekkjar væru að fara í skólabúðirnar á Reykjum núna í mars og er það ávallt mjög skemmtileg ferð.
7. Ásgerður ræddi um að síðasti samskiptadagur skóladagatals þessa skólaárs, sem er 17. mars nk. verði hugsanlega með öðru sniði hjá Njarðvíkurskóla þar sem hugsunin sé að bjóða foreldrum og nemendum á kynningar og/eða fræðslu.
8. Ásgerður sagði einnig frá því að verið er að hugsa um ýmsar breytingar á skólastarfi til að gera gott skólastarf betra eins og t.d. að hafa skólaárið eina önn í stað tveggja. Í framhaldi af þeirri umræðu var rætt um mat á lykilhæfni og hvaða skoðun kennarar hafi á því.
9. Önnur mál:
 - a. Kristján spurði um hvernig fjárhagsáætlun komi út fyrir skólann en á síðasta fundi ræddi Ásgerður um niðurskurð sem væri væntanlegur. Ásgerður sagði að fjárhagsáætlun hefði komið betur út en hún hafði vonað en þó er niðurskurður á ýmsum þáttum.
 - b. Rætt var um velvilja foreldrafélagsins og Kvenfélagsins Njarðvík en þessi félög hafa ákveðið að styrkja innleiðingu á Vinaliðaverkefninu sem er 3ja ára verkefni
 - c. Næsti fundur boðaður 11. mars nk. kl. 13:20 og verður þá farið yfir skóladagatal næsta skólaárs.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri